

Þriðjudaginn 13. nóvember 1984.

Nr. 80/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Matthías Guðmundi Gilssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar með stefndu 29. júlí 1983, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. júlí sl.

Samkvæmt gögnum málsins, sem rakin eru í héraðsdómi, er sannað að ákærði ók bifreið sinni ölvaður aðfaranótt laugardagsins 30. október 1982 og aftur aðfaranótt mánudagsins 29. nóvember sama ár, en eigi aðfaranótt sunnudagsins 28. nóvember svo sem mishermt er í ákæru. Varða brot þessi, þegar litið er til alkohóls, er mældist í blóði ákærða, við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi sínu með dómi og hefur hann því með akstri sínum í þessi tvö skipti brotið gegn 27. gr. sbr. 81. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og sakaferli ákærða hæfilega ákveðin varðhald 60 daga.

Ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi ævilangt er hann framdi brot sitt. Ber því samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að árétta að ævilöng ökuleyfisvipting hans haldist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði Matthías Guðmundur Gilsson sæti varðhaldi 60 daga.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi sínu ævilangt.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 8. apríl 1983.

Ár 1983, föstudaginn 8. apríl, er á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Finnboga H. Alexanderssyni kveðinn upp dómur í saksdómsmálinu nr. 218/1983: Ákærvaldið gegn Matthíasi Guðmundi Gilssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefir ríkissaksóknari höfðað með ákæru, útgefinni 9. febrúar sl., á hendur Matthíasi Guðmundi Gilssyni kjötiðnaðarmanni, Melgerði, Mosfellssveit, fæddum 21. september 1949 í Reykjavík, fyrir að aka undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni G-17411 sem hér segir:

1. Frá veitingahúsinu Klúbbnum við Borgartún í Reykjavík, aðfaranótt laugardagsins 30. október 1982 áleiðis heim til sín, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Laugarásvegi.

2. Frá veitingahúsinu Hollywood við Ármúla í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 28. nóvember 1982 um Hallarmúla, Skúlagötu, Tryggvagötu og að Ránargötu 2, en lögreglan hafði afskipti af honum, skömmu eftir að akstri hans laun þar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir: 1965 9/11 í Reykjavík: Kærður f. þjófnaðartilraun. F.n. 2. 12. 1965 skv. br. saks.

1971 17/11 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt f. brot á 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 8/10 1971.

1972 19/4 í Reykjavík: Dómur: 30 daga varðhald f. brot g. 3. mgr. 80. gr. umfl.

1972 25/8 í Reykjavík: Dómur: 20 daga varðhald f. brot g. 25. gr. og 3. mgr. 80. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 25/8 1972.

1980 5/3 á Húsavík: Sátt, 100.000 kr. sekt fyrir brot á 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 21. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 22/2 1980.

1980 2/8 í S.-Múlas.: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfl.
 1981 28/5 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl.
 og 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 31/3 1981.

Málavextir.

1. Ákærði var á dansleik í veitingahúsinu Klúbbnum í Reykjavík aðfaranótt lagardasins 30. október sl. Ákærði neytti áfengis á dansleiknum, aðallega Cointreau líkjörs blönduðum (sic) vatni. Áfenisneyslan fór fram á tímabilinu 23.00-02.30. Um kl. 03.00 ók ákærði af stað í bifreið sinni, G-17411, eftir að hafa árangurslaust reynt að útvega sér leigubifreið. Ákærði var á heimleið, er lögreglan í Reykjavík stöðvaði akstur hans á Laugarásvegi. Ákærði kvaðst hafa fundið til einhverra áfengisáhrifa við aksturinn. Þar sem greinilegan áfengisþef lagði frá vitum ákærða og öndunarsýni sýndi 3-4 stig, var farið með hann á lögreglustöðina í Reykjavík, þar sem tekin var af honum varðstjórasskýrsla. Í skýrslu varðstjóra er útliti og öðrum einkennum ákærða svo lýst, að talsverður áfengisþefur hafi verið af andardrætti, andlit fölt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu dauf, jafnvægi stöðugt, málfar þvöglulegt og framburður greinargóður.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist áfengismagn í blóði ákærða vera 2.70 ‰. Er ákærði ók umrætt sinn, var hann sviptur ökuréttindum ævilangt frá 31. 3. 1981 skv. dómi sakadóms Reykjavíkur 28. 5. 1981. Ákærði viðurkenndi brot sitt fyrir dómi.

2. Aðfaranótt mánudagsins 29. nóvember sl., kl. 01.45, fóru lögreglu-menn að Ránargötu 2, Reykjavík, vegna ölvunar þar utan dyra. Er þeir komu á staðinn, sáu þeir ákærða koma út úr bifreiðinni G-17411. Haft var tal af ákærða, og fannst af honum sterkur áfengisþefur. Ákærði kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni. Hann kvaðst hafa hitt son móðurbróður síns í Hollywood og hafi hann ekið bifreið ákærða að Ránargötu 2, þar sem ákærði væri réttindalaus.

Haukur Þórisson, f. 14. 6. 1959, sem var farþegi í bifreið ákærða frá Hollywood, kvað ákærða sjálfan hafa ekið. Ákærði var færður fyrir varðstjóra, og neitaði hann stöðugt að hafa ekið bifreiðinni. Í skýrslu varðstjóra er útliti og öðrum einkennum ákærða svo lýst, að sterkur áfengisþefur hafi verið af andardrætti, andlit þrútið, fatnaður velktur, framkoma kurteis (sic), æstur, ósvífinn, kærulaus og þrætugjarn, augu vot og rauð, jafnvægi mjög óstöðugt, málfar þrætugjarn (sic) og framburður samhengislaus. Ákærði var settur í fangageymslu til morguns, en áður var honum tekið blóð í þágu rannsóknar málsins til alkóhólákvörðunar. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist áfengismagn í blóði ákærða vera 2.31 ‰.

Við yfirheyrslu morguninn eftir neitaði ákærði staðfastlega að hafa ekið bifreiðinni G-17411 fyrr um nóttina. Hann kvað frænda sinn hafa ekið bifreiðinni að veitingahúsinu Hollywood. Þar kvaðst ákærði hafa drukkið 3 glös af þreföldum brennivín (sic) og Chartreau (sic) á tímabilinu 23.00-00.30. Ákærði kveðst fyrst hafa hitt frænda sinn, sem hann vissi ekki hvað hét, fyrir utan Broadway. Ákærði kvað frænda sinn síðan hafa ekið bifreiðinni frá Hollywood og að Ránargötu 2 og hafi hann verið farinn af staðnum, áður en lögreglan kom þangað. Tekin var skýrsla af frænda ákærða, Helga Leifssyni, f. 1. 2. 1945, og kvaðst hann hafa hitt ákærða og rætt við hann í Hollywood umrætt sinn, en síðan hafi leiðir þeirra skilist og hafi hann alls ekki ekið fyrir ákærða. Tekin var skýrsla af ákærða kl. 16:15 þennan dag, og viðurkenndi hann þá að hafa ekið bifreið sinni umrætt sinn undir áfengisáhrifum og sviptur ökuréttindum ævilangt. Ákærði kvað það hafa verið tilbúning hjá sér að benda á Helga Leifsson sem ökumann. Ákærði viðurkenndi brot sitt fyrir dómi.

Niðurstaða.

Með eigin framburði ákærða, skýrslum lögreglunnar og niðurstöðum alkóhólákvarðana þykir sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt færð til refsíðkvæða.

Þann 28. maí 1981 var ákærði með dómi sakadóms Reykjavíkur dæmdur til að greiða kr. 6.000 í sekt til ríkissjóðs og sviptur ökuréttindum ævilangt frá 31. 3. 1981 vegna brots á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Dómurinn hefur ítrekunaráhrif í máli þessu samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 81. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir skv. 80. gr. umferðarlaga, sbr. l. nr. 54. 1976, hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði ennfremur kr. 15. 000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuréttindi ævilangt frá 28. nóvember 1982 að telja.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Matthías Guðmundur Gilsson, sæti varðhaldi í 20 daga,

en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. l. nr. 22, 1955.

Ákærði greiði kr. 15.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuréttindi ævilangt frá 28. nóvember 1982 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 13. nóvember 1984.

Nr. 212/1984. **Ellert Guðmundsson**

gegn

Búnaðarbanka Íslands

Jóni Sólmundssyni

Kaupfélagi Borgfirðinga

Lífeyrissjóði Sóknar

Sverri Vilhjálmssyni

sveitarsjóði Staðarsveitar

Guðrúnu Jónu Halldórsdóttur og

Jóhannesi Árnasyni sýslumanni

Kærumál. Kröfu um, að dómari víki sæti, hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í a lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. f.m., sem barst Hæstarétti 25. s.m.

Frá sóknaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð. Verður að skýra kæru hans svo, að hann krefjist þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekt.